

## Eftirlitsáætlun

Matvælastofnun fer með eftirlit með velferð, aðbúnaði og umhirðu hrossa samkvæmt reglugerð um velferð hrossa (910/2014) og er eftirlitsþörfin metin út frá áhættuflokkun (<https://www.mast.is/static/files/leidbeiningar/bodberiahaettuflokkun-frumframleidsla-180112.pdf>). Reglubundið eftirlit með hrossum fer að mestu fram að vetri hvort sem hross eru haldin á húsi eða á útigangi. Eftirlit með hestaleigum og skyldri starfsemi fer fram að sumri og sérstakt eftirlit með blóðtöku úr fylfullum hryssum í september. Þá er ótalið sérhæft eftirlit með velferð sýninga- og keppnishrossa á stórmótum. Samkvæmt eftirlitsáætlun skal heimsækja hrossabú og aðrar starfsstöðvar með hross fjórða hvert ár ef ekki koma fram alvarleg frávík. Bú sem hafa verið án frávíka eru heimsótt fimmta hvert ár en komi fram alvarleg frávík verður eftirlitstíðnin hærri.

Eftirlit með sjálfri blóðtökunni kemur til viðbótar reglubundins eftirlits að vetri og skal ná til a.m.k. 20% starfsstöðva á ári hverju. Samanlagt er eftirlitstíðni hestahalds til blóðtöku úr fylfullum hryssum því að lágmarki 40% á ári.

## Rauneftirlit

### Hrossahaldið í heild

Alls voru 2.238 bú/starfsstöðvar (búsnúmer utan lögbýla meðtalin) skráðar með hross í gagnagrunninum Bústofni árið 2021. Af þeim voru 119 með hestahald til blóðtöku eða 5,3%.

Samkvæmt gagnagrunni Matvælastofnunar var farið í eftirlit á 1881 starfsstöð í hrossahaldi á síðastliðnum 5 árum (78%), alls í 2675 heimsóknir. Alvarleg frávík vegna eins eða fleiri skoðunaratriða komu fram á 195 starfsstöðvum eða á 10,4% starfsstöðva. Þetta háa hlutfall starfsstöðva með alvarleg frávík endurspeglar að eftirlitið byggir mikið á ábendingum og eftirfylgni (áhættumiðað eftirlit). Á árunum 2017 – 2020 var að meðaltali farið í eftirlitsheimsóknir á 362 bæi með hrossahald, á ári hverju og var þá tíðni alvarlegra frávíka 13,3%. Í sérstöku átaki árið 2021 var farið á um tvöfalt fleiri bæi, alls 782 bæi. Tíðni alvarlegra frávíka var þá nær helmingi lægra eða 7,9%.

Alvarleg frávík eiga oftast við um vanfóðrun einstakra hrossa eða hrossahópa, sjúk hross eða vanhirt. Offita og efnaskiptaraskanir eru vaxandi vandamál og þar af leiðandi krónísk hófsperra sem er eitt helsta dýravelferðarmál samtímans. Þá er sífellt meira um að gömul hross eru ekki felld í tíma. Aðbúnaður hrossa hefur almennt farið batnandi en langvarandi innistaða er þó velferðarpáttur sem sífellt meira reynir á. Ef í ljós kemur að hestar eru haldnir á básum telst það alvarlegt frávík. Sömuleiðis ef úrbótum á öðrum frávíkum hefur ekki verið sinnt og getur það átt við um stífustærðir, útivist, hagaskjól o.fl.. Í nokkur skipti hafa komið til alvarleg frávík vegna illar meðferðar við tamningu eða þjálfun hrossa og sömuleiðis vegna álagseinkenna og/eða ófullnægjandi aðbúnaðar hrossa í hestaleigum og reiðskólum. Þá er ótalið eftirlit með velferð keppnishrossa á stórmótum sem kynnt hefur verið á öðrum vettvangi. ([https://www.researchgate.net/publication/264796855\\_Bit-related\\_lesions\\_in\\_Icelandic\\_competition\\_horses](https://www.researchgate.net/publication/264796855_Bit-related_lesions_in_Icelandic_competition_horses), [https://www.researchgate.net/publication/323249919\\_Welfare\\_indicator\\_for\\_competition\\_horses\\_-\\_Bit-related\\_lesions](https://www.researchgate.net/publication/323249919_Welfare_indicator_for_competition_horses_-_Bit-related_lesions))

Fremur sjaldgæft er að grípa þurfi til þvingunaraðgerða svo sem dagsekta eða vörslusviptingar þar sem alla jafna tekst að leysa úr málum með öðrum hætti. Þá hafa stjórnsýslusektir og kærur til lögreglu verið fremur fátíðar. Alvarleg frávík sem koma fram á blóðtökubæjum hafa hins vegar meiri afleiðingar þar sem þau leiða sjálfkrafa til stöðvunar á þeirri starfsemi.

Tafla 1. Samanburður á eftirlitsniðurstöðum í almennu hestahaldi (reiðhestar, reiðhestaræktun, hestaleigur og annað) og blóðmerahaldi (samanlagt fyrir heimsóknir að vetri og við blóðtöku) síðastliðin 3 ár

Ár	Reiðhestar/annað			blóðmerahald			Hestahald alls		
	Fjöldi bóa*	Tíðni eftirlits	Alvarleg frávík**	Fjöldi bóa*	Tíðni eftirlits	Alvarleg frávík**	Fjöldi bóa*	Tíðni eftirlits	Alvarleg frávík**
2019	2266	298 (13%)	49 (16%)	98	52 (53%)	3 (6%)	2364	350 (15%)	52 (15%)
2020	2338	350 (15%)	51 (15%)	111	59 (53%)	1 (2%)	2449	409 (16,7%)	52 (13%)
2021	2119	723 (34%)	62 (9%)	119	59 (50%)	0	2238	782 (35%)	62 (8%)

\*Bú eða starfsstöð (búsnúmer utan lögbýla meðalin)

\*\*Fjöldi bóa með alvarleg frávík (tíðni bóa með alvarleg frávík sem hlutfall af eftirliti)

## Nánar um niðurstöður eftirlits á blóðtökubæjum

Tvisvar hefur starfsemi verið stöðvuð á blóðtökubæjum í kjölfar ábendinga. Annars vegar var um að ræða ábendingu frá nágranna sem leiddi í ljós alvarlegt frávík við fódrun og aðbúnað blóðtökuhryssna að vetri og hins vegar var blóðtaka stöðvuð á blóðtökustað eftir ábendingu frá dýralækni um að í viðkomandi hjörð væri töluvert um of grannar hryssur sem ekki uppfylltu skilyrði fyrir blóðtöku. Starfsmenn Mast fóru samstundis á vettvang og stöðvuðu blóðtöku úr allri hjörðinni. Sú stöðvun var varanleg. Bæði þessi mál komu upp árið 2018.

Önnur alvarleg frávík hafa uppgötvast við reglubundið, áhættumiðað eftirlit Matvælastofnunar með fódrun og aðbúnaði blóðtökustöða að vetrarlagi og/eða vori. Um var að ræða tvo bæi árið 2017, þrjá bæi árið 2019 og einn árið 2020. Ísteka hefur í öllum tilfellum tekið þessa bæi af lista yfir sína viðskiptavini og hætt blóðtöku. Málunum var auk þess fylgt eftir með kröfum um úrbætur samkvæmt verkferlum stofnunarinnar og viðunandi úrbætur fengust án þess að grípa þyrfti til vörslusviptingar. Á einum þessara bæja hafði stofnunin þó afskipti af hestahaldinu árið eftir að blóðtöku var hætt og hafði forgöngu um að fækka hrossum verulega á þeim bæ í samráði við ábúanda. Einn framangreindra bæja fékk að hefja starfsemi á ný í kjölfar nýrrar tilkynningar og úttektar.

Samtals hefur blóðtöku verið hætt á 8 bæjum sl. 5 ár vegna alvarlegra frávíka við fódrun og aðbúnað blóðtökuhryssna.

Auk þess hafa ábyrgðamenn hestahalds á þremur bæjum til viðbótar ákveðið sjálfir að hætta blóðtöku í kjölfar vægari athugasemda frá Matvælastofnun, einn 2017, einn 2019 og einn 2020.

## Eftirlit með blóðtöku úr fylfullum hryssum

Ekki komu fram alvarleg frávík við eftirlit með blóðtöku árið 2021

Helstu velferðarvísar vegna blóðtöku úr fylfullum hryssum eru auk holdafars hryssnanna styrkur blóðrauða í blóði og heilbrigði þeirra:

### 1. Mælingar á blóðrauða (mælikvarði á blóðbúskap hryssnanna),

Matvælastofnun hefur frá árinu 2017 gert kröfu um að Ísteka mæli reglulega styrk blóðrauða (hemoglobin) hjá marktæku úrtaki af blóðtökuhryssum fyrir blóðtöku og á blóðtökutímabilinu og skili stofnuninni niðurstöðum þeirra mælinga annað hver ár.

Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður mælinga á blóðrauða teknar saman frá árinu 2011- 2021 ásamt upplýsingum um fjölda hryssna sem liggja að baki hverju meðalgildi. Úrtak hryssna til mælinga á blóðrauða er valið af handahófi (haphazardly selected) og deilt á blóðtökuvikur og landsvæði.

Tafla 2. Styrkur blóðrauða í blóði hryssna sem notaðar eru til blóðtöku samkvæmt innra eftirliti Ísteka ehf

Vikur í blóðtöku	2021 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2019 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2017 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2014 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi	2011 - g/dl haemoglobin	staðal frávik	sýna fjöldi
0	13,3	1,3	71	13,3	1,1	88	13,3	1,5	40	13,1	1,4	25	13,9	1,6	15
1	11,4	1,2	77	11,8	1,2	87	11,9	1,3	42	11,1	1,3	16	12,0	1,3	13
2	10,9	1,2	83	11,0	1,1	94	10,6	1,3	48	10,7	1,5	18	10,4	1,6	11
3	10,6	1,3	81	10,5	1,0	104	11,0	2,1	45	10,6	1,3	20	11,0	1,5	11
4	10,7	0,9	88	10,9	1,2	90	10,8	1,7	50	10,4	1,0	15	10,7	0,9	13
5	11,1	1,0	97	10,9	1,0	90	10,6	1,0	51	10,6	2,1	9	11,8	1,3	24
6	11,4	1,1	92	10,6	1,0	101	10,4	1,1	51	11,0	1,0	27	10,1	1,4	17
7	11,6	1,3	86	10,7	1,3	87	10,9	1,2	40	10,8	2,0	19	10,5	1,1	72
8	11,5	1,1	67	10,5	1,2	96	10,7	1,6	45	11,2	0,8	15	11,0	1,2	60

Úr þessum gögnum, sem byggja samtals á 2391 mælingu, má lesa að blóðtökuhryssur eru við upphaf blóðtökutímabilsins tiltölulega háar í blóðrauða (13,1 – 13,9 g/dL) en meðalstyrkur próteinsins lækkar við fyrstu 2-3 blóðtökurnar niður í 10,6 g/dL og helst nokkuð stöðugur eftir það. Þetta bendir til þess að það taki hryssurnar um tvær vikur að bregðast við blóðtapinu með aukinni blóðmyndun enda er bæði vatn og gras mjög járnríkt hér á landi. Ekkert bendir til þess að þessi lækkun á blóðrauða komi niður á líðan hryssnanna eða heilbrigði enda er lægsta meðalgildið á blóðtökutímabilinu innan viðmiðunarmarka sem gefin eru upp fyrir hross almennt og sem komið hafa fram í rannsóknum á íslenska hestinum. Engu að síður er lögð rík áhersla á að hryssunum sé ekki ofgert í rekstri til og frá blóðtökustað.

Þó svo viðmiðunargildi séu ekki til fyrir fylfullar íslenskar hryssur hafa nokkrar rannsóknir verið birtar um styrk blóðrauða í íslenskum hrossum og hrossum almennt. Rannsókn á íslenskum hrossum úr ýmsum áttum (1984) leiddi í ljós mikinn breytileika þar sem meðaltalið var 12,55 g/dL (Guðný Eiríksdóttir o.fl). Athugun á blóðgildum í 70 frískum reiðhestum sem haldnir voru á húsi víðsvegar um Ísland leiddi í ljós að meðalstyrkur blóðrauða var 11,9 g/dL í þeim hópi (Sveinn Ólason 2010). Í sömu heimild kemur fram að viðmiðunargildi fyrir blóðrauða hjá hrossum almennt (öll hrossakyn) séu á bilinu 9,0 – 14,8 g/dL. Viðmiðunargildi hafa verið metin hjá íslenskum hestum í Þýskalandi annars vegar 10,4 – 12,7 g/dL (Selser et al. 2001) og Austurríki hins vegar 10,2-14,2 (Leidinger et al. 2015).

Samantekið benda þessi gögn til þess að styrkur blóðrauða hjá blóðtökuhryssum haldist allt blóðtökutímabilið innan almennra viðmiðunargilda fyrir heilbrigð hross.

## 2. Eftirlit með heilbrigði blóðtökuhryssna

Matvælastofnun fer fram á að Ísteka skili stofnuninni skráningu á afföllum blóðtökuhryssna á blóðtökutímabilinu. Samkvæmt skýrslum frá Ísteka hafa afföllin verið um eða innan við 0,1% ár hvert. Ísteka greiðir bændum fyrir hryssur sem þeir missa á blóðtökutímabilinu til að hvetja til þess að upplýsingar um afföll berist fyrirtækinu. Flest afföllin eru rakin til slysa en af þeim sökum hefur þurft að aflífa 1-2 hryssur árlega á blóðtökutímabilinu.

Til að sannreyna þessar niðurstöður hafði Matvælastofnun samband við alla dýralækna sem voru ábyrgir fyrir blóðtöku á síðasta ári og spurði út í tíðni fylgikvilla og hverjir þeir væru. Fram kom að lost af völdum blóðfalls er með öllu óþekkt í tengslum við blóðtöku til lyfjaframleiðslu. Klums (fall í styrk kalsíum í blóði) er afar fátítt í blóðtökustóðum og sömuleiðis er mjög lítið um að hryssur séu teknar úr blóðtöku vegna skemmda á megin bláæð (einn dýralæknanna mundi eftir að það hefði gerst í eitt skipti) en stöku sinnum kemur fyrir að skipta verði um æð (hlið), eða meðhöndla sýkingu á stungustað.

Tafla 3. Tíðni framleiðslusjúkdóma og annara fylgikvilla blóðtöku úr fylfullum hryssum samkvæmt upplýsingum frá dýralæknum sem framkvæma blóðtöku og hafa eftirlit með heilbrigði hryssnanna

Dýralæknir	Klums	Meðhöndlun bólgu á stungustað	Lost*
A	Meðhöndlaði eitt tilfelli fyrir mörgum árum	Innan við eitt tilfelli á ári	Aldrei
B	Eitt tilfelli þriðja- fjórða hvert ár	Innan við eitt tilfelli á ári	Aldrei
C	Ekkert tilfelli í ár, annað hvert ár eða sjaldnar	Einu sinni í ár en mjög sjaldgæft	Aldrei
D	Aldrei meðhöndlað klums í blóðtökuhryssu	1-2 tilfelli á ári	Aldrei
E	Aldrei meðhöndlað klums í blóðtökuhryssu	Aldrei	Aldrei

\*Hemolytic shock

Aðrir fylgikvillar eru óþekktir. Ekkert bendir til að ónæmiskerfið bíði hnekki og frjósemi er afar góð (86% hryssa sem Ísteka fékk send sýni úr 2021 voru fyljaðar). Ending blóðtökuhryssna er sömuleiðis góð og engar vísbendingar um að þær endist síður en hryssur í reiðhestaræktun.

### 3. Eftirlit með folöldum sem koma til slátrunar

Alls taka sjö sláturleyfishafar við folöldum til slátrunar og veita upplýsingar um fjölda slátraðra folalda á hverju sláturtímabili sem og meðalvigt. Sláturtímabilið byrjar í ágúst og stendur fram í mars. Því getur verið allt að 6 mánaða aldursmunur á folöldum sem koma til slátrunar sem hefur áhrif á fallþunga. Ekki er skráð sérstaklega hvort folöldin koma úr blóðtökustóðum en með aukningu þeirrar starfsemi má ætla að sífellt stærra hlutfall sláturfalda sé undan hryssum sem notaðar hafa verið til blóðtöku.

Meðalfallþungi hefur lítið breyst á síðastliðnum 5 árum þrátt fyrir aukningu í fjölda blóðmera og þrátt fyrir að sláturtímabilið hefjist nú í ágúst í stað október en sú breyting varð 2019. Engin vísbending er um vanþrif folalda í blóðtökustóðum og úrkast er með því allra minnsta sem þekktist í kjötframleiðslu hér á landi.

Tafla 4. Fjöldi sláturfalda og fallþungi samkvæmt upplýsingum frá sláturleyfishöfum

Fæðingarár	Folöld 1. flokkur	Folöld 2. flokkur	Úrkast	Alls	Meðal fallþungi
2017	4949	57	13	5019	78,4
2018	4996	40	17	5053	81,9
2019	5248	38	5	5291	79,0
2020	5408	20	22	5450	76,1
2021	5369	11	22	5402	78,3

## Niðurstaða

Tíðni eftirlits með blóðtökubæjum er mun hærra en í öðru hrossahaldi en minna er um alvarleg frávik. Hörð viðurlög við alvarlegum frávikum við velferð blóðtökustóða, sem beitt hefur verið á seinni árum, virðast hafa átt mikinn þátt í að tryggja góða fóðrun og umhirðu stóðanna. Engin vísbending er um að blóðmagnið sem tekið er, þ.e. 5 lítrar vikulega í allt að 8 skipti, sé of mikið þar sem ekki koma fram neikvæð áhrif á skilgreinda mælikvarða á heilsu og blóðbúskap hryssnanna. Alvarleg frávik við meðferð hryssna sem komu fram á myndbandi dýraverndarsamtakanna AWF/TBZ kalla hins vegar á viðbrögð og viðbætur við þau skilyrði sem Matvælastofnun setur starfseminni og listuð eru hér að neðan. Slík frávik hafa ekki sést við eftirlit Matvælastofnunar sem bendir til þess að þau séu fremur fátíð en auk þess má ætla að eftirlitið sem slíkt hafi fælingarmátt gagnvart illri meðferð. Því er tilefni til að auka eftirlit Matvælastofnunar með blóðtökunni, þrátt fyrir góðar eftirlitsniðurstöður á seinni árum.

**Það er mat Matvælastofnunar að blóðtaka úr fylfullum hryssum, eins og hún á að vera framkvæmd hér á landi skv. lögum, reglugerðum og skilyrðum Matvælastofnunar, stangist ekki á við lög nr. 55/2013 um velferð dýra.**

Heimildir:

1. Guðný Eiríksdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson og Eggert Gunnarsson. Mælingar á nokkrum þáttum í blóði hrossa. Dýralæknaritíð 1984, 1.tbl, bls 17-20.
2. Sveinn Ólason. Blodværdier hos íslandske rideheste. Hæmatologiske og biokemiske normalværdier hos íslandske rideheste. Hovedopgave til godkendelse som fagdyrlæge vedr. sygdomme hos heste. Dansk Dyrlægeforening, februar 2010
3. Seiser, M., Strasser, A., Hofbauer, B. Der Einfluss von Alter und Geschlecht auf diagnostisch wesentliche Blutparameter bei Islandpferden. Tierärztl. Prax. 2001; 29 (G), p. 324-331.
4. Leidinger E.F., Leidinger J., Figl J., Rumpler B. and Schwendenwein I. Application of the ASVCP guidelines for the establishment of haematologic and biochemical reference intervals in Icelandic horses in Austria. Acta Veterinaria Scandinavica (2015) 57:30.

### **Endurskoðuð starfsskilyrði vegna blóðtöku úr fylfullum hryssum sem gilda fyrir blóðtökutímabilið 2022 (breytingar rauðmerktar)**

1. Blóðtaka er aðeins heimil á starfsstöðvum/bæjum sem uppfylla eftirtalin skilyrði
  - a. Hrossahald til blóðtöku hafi verið tilkynnt Matvælastofnun
  - b. Ekki hafi komið upp alvarleg frávik vegna dýravelferðar við hrossahald á starfsstöðinni á undangengnu ári
2. Listi yfir fyrirhugaða blóðtökubæi hafi borist Matvælastofnun fyrir 1. maí ár hvert. Þó má bæta einstökum aðilum á listann sem uppfylla framangreind skilyrði
3. Almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum
  - a. Einungis dýralæknar með gilt starfsleyfi á Íslandi hafa leyfi til að annast blóðtökuna. Umráðamanni er þó heimilt að taka sýni úr hryssunum til að ákvarða upphaf blóðtöku með sérstöku nálakerfi eftir tilsögn dýralæknis
  - b. Dýralæknum er skylt að staðdeyfa stungustaðinn og skrá notkun staðdeyfilyfs í gagnagrunninn Heilsu
  - c. Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hverri hryssu og að hámarki í 8 vikur
  - d. Blóðtöku skal lokið fyrir 5. október ár hvert

- e. Aðeins má taka blóð úr hryssum **á aldursbilinu 4-24 vetra**
  - f. Hryssurnar skulu vera án sjáanlegra sjúkdómseinkenna, í góðum holdum (holdastigun 3,5-4,5) og vel hirtar að öllu leyti
  - g. Hver dýralæknir má ekki hafa fleiri en **3** hryssur í blóðtöku samtímis (**3** blóðtökubásar)
  - h. Ekki skulu vera fleiri en **70** hryssur með folöldum í hverjum blóðtökuhópi
  - i. Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folölöld verði fyrir slysi
  - j. Tryggt skal að hryssurnar hafi aðgang að vatni og salti strax eftir blóðtökuna
  - k. Gætt sé að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu
  - l. Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu
  - m. Ef hryssa slasast eða veikist skal hún meðhöndluð án tafa. Ef ekki er hægt að meðhöndla eða bæta líðan hryssunnar skal hún aflífuð **án tafar**
  - n. Hryssurnar skulu haldnar á góðu beitilandi með aðgangi að góðu vatni og salti
4. Virkt innra eftirlit skal vera með eftirfarandi atriðum og gögn þar að lútandi aðgengileg við eftirlit Matvælastofnunar.
- a. Skrár yfir hryssur í blóðtöku á hverjum blóðtökubæ tiltækar á blóðtökustað.
  - b. **Holdastigun skráð fyrir eða við fyrstu blóðtöku**
  - c. Allar hryssur grunnskráðar í WorldFeng og örmerktar
  - d. Ábyrgðarmaður hrossahaldsins skráður umráðamaður hryssnanna í WF
  - e. Skráning á öllum slysum, **veikindum** og dauðsföllum sem verða hjá blóðtökuhryssum og folöldum **á blóðtökutímabilinu**
  - f. **Skráning á frávikum við meðferð hryssna og folalda við rekstur og í rétt**
  - g. **Skráning á frávikum við blóðtöku (ótti og stress) og viðbrögðum við þeim**
  - h. Mælingar á blóðrauða eða blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssanna annað hvert ár
  - i. Þeir sem að blóðtökunni koma fái skriflegar leiðbeiningar um sérstaka tilkynningarskyldu allra þeirra sem hafa afskipti af dýrum sbr. 9. gr. laga um velferð dýra. Tilkynna Matvælastofnun ef: grunur er um slæma meðferð, aðbúnað, fóðrun (holdafar) og ef merkingar hrossa eru ekki með fullnægjandi hætti (skráningar og örmerkingar)
5. Skila skal Matvælastofnun árlega skýrslu um fjölda blóðtökuhryssna deilt á starfsstöðvar sem og **skráningar** skv. D, **E og F**) liðum og mælingum skv e) lið